

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. júní 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-34/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna rafhlöðu í farsíma. Telur álitsbeiðandi rafhlöðuna gallaða og krefst hún þess að Y, hér eftir einnig nefndur gagnaðili, afhendi sér nýja rafhlöðu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 28. apríl. Með bréfi, dags. 29. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 2. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 23. júní, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi eigi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S4 og var sá sími keyptur erlendis, utan Evrópu. Segir álitsbeiðandi að framleiðandi símans hafi gefið út tilkynningu um að rafhlöður í fjölda síma af umræddri tegund væru haldnar galla og að þeir sem ættu slíka síma gætu leitað til næsta þjónustuaðila og fengið nýja rafhlöðu endurgjaldslaust. Segist álitsbeiðandi hafa leitað til gagnaðila þar sem hann sé umboðsaðili Samsung hér á landi og óskað eftir því að fá afhenta nýja rafhlöðu þar sem rafhlaðan í síma hennar var gölluð og féll undir tilkynningu framleiðanda þar að lútandi. Segir álitsbeiðandi að gagnaðili hafi hafnað kröfum hennar.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur fram að hann sé dreifingar- og þjónustuaðili fyrir Samsung Mobile á Íslandi og að málið snúist um útskipti á rafhlöðu í farsíma. Segir gagnaðili að í samræmi við verkferil sem settur sé upp af Samsung Mobile skipti gagnaðili út rafhlöðum í þeim tilvikum sem neytendur hafi ekki keypt síma með gölluðum rafhlöðum af innlendum smásala. Í ferlinu er, að kröfu Samsung Mobile, óskað eftir IMEI númeri símtækisins ásamt sölunótu og/eða ábyrgðarskírteini. Sé þetta gert til að koma í veg fyrir að sömu rafhlöðunni sé skipt út oft en einu sinni, en einnig til að tryggja að ekki sé um stolið tæki að ræða. Segist gagnaðili skipta út rafhlöðum fyrir alla, óháð því hvar tækið sé keypt. Forsendan sé hins vegar eftir sem áður að IMEI númer sé gefið upp og sölunótu framvísað. Kveðst gagnaðili aldrei hafna kröfum um afhendingu nýrrar rafhlöðu sé framangreindum upplýsingum framvísað. Segist gagnaðili því óska eftir því að álitsbeiðandi útvegi framangreindar upplýsingar þar sem þær liggja ekki fyrir í málinu, og í það minnsta IMEI númer, svo gagnaðili geti kannað málið betur. Bendir gagnaðili jafnframt á að hann sé ekki smásöluaðili og því ekki í neinum reglulegum viðskiptum við einstaklinga eða neytendur.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila kemur m.a. fram að umræddur farsími hafi verið fenginn að gjöf og því eigi hún hvorki sölunótu né ábyrgðarskírteini vegna kaupa á símanum. Þá gaf álitsbeiðandi upp IMEI númer farsímans.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt framangreindum lögum og reglugerð geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup snúið sér til nefndarinnar og óskað eftir álitsgerð hennar um ágreiningsefnið.

Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist þess að gagnaðili afhendi sér nýja rafhlöðu í farsíma vegna innköllunar framleiðanda á rafhlöðunni, en gagnaðili er umboðsaðili þess aðila héraðs. Umræddur farsími var hins vegar ekki keyptur af gagnaðila, heldur af ótilgreindum erlendum aðila. Alla jafna falla kaup einstaklinga á farsímum hér á landi undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Í þessu tilviki er hins vegar ekki fyrir að fara neinu samningssambandi milli álitsbeiðanda og gagnaðila í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Verður því kröfum álitsbeiðanda því ekki beint að gagnaðila á grundvelli þeirra laga, né laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum álitsbeiðanda á hendur gagnaðila.

VII

Álitsorð

Kröfum X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir